



SKATTADAGUR FLE

Ráðstefna um skattamál

Föstudaginn 23. janúar 2026 á Grand Hótel Reykjavík
Streymt verður í rauntíma

Ráðstefnustjóri: Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, endurskoðandi

Kl. 08:30 - 9:00

Skráning og kaffisopi

Kl. 09:00

Setning ráðstefnu

Elín Hanna Pétursdóttir, formaður FLE

Efst á baugi hjá ríkisskattstjóra

Stefán Skjaldarson, sviðstjóri álagningarsviðs Skattsins

Samspil skatta og reikningshalds

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögmaður hjá Deloitte

Kl. 10:15 - 10:35

Kaffihlé

Er allt skýrt í skattalögum?

Umræður um það sem betur má fara í lögum um tekjuskatt og tengdri löggjöf undir stjórn skattanefndar FLE

Getur gervigreindin orðið leikbreytir í störfum endurskoðenda?

Jóhannes Eiríksson, stofnandi og framkvæmdastjóri Lagavita

Kl. 11:50 - 12:00

Kaffihlé

Nýlegar skattalagabreytingar

Guðrún Björg Bragadóttir, KPMG

Kl. 12:30

Ráðstefnulok

Þátttökugjald er kr. 28.000 fyrir félagsmenn FLE, en kr. 35.000 fyrir aðra. Ráðstefnan gefur 3,5 einingar í skatta- og félagarétti.

Ráðstefnan er opin öllum þeim sem áhuga hafa. Vinsamlegast skráið þátttöku á www.fle.is eigi síðar en á hádegi 21. janúar.

Slóð á streymi verður send til þátttakenda í lok dags, daginn fyrir ráðstefnuna.



Fyrirlesarar:



Stefán Skjaldarson útskrifaðist sem lögfræðingur hjá Háskóla Íslands árið 1981. Hann var skattstjóri Vesturlandsumdæmis frá 1985 til 2010, settur skattrannsóknarstjóri 2010 til 2011, skrifstofustjóri hjá ríkisskattstjóra frá 2012 til 2018, sviðstjóri á eftirlitssviði hjá ríkisskattstjóra / skattinum á árunum 2019 til 2021 og sviðstjóri álagningarsviðs skattsins frá 2022.



Guðbjörg Þorsteinsdóttir er lögmaður og meðeigandi hjá Deloitte Legal ehf. Hún hefur yfir 18 ára reynslu á sviði skattaréttar fyrir innlenda og erlenda viðskiptavinum í margvíslegum atvinnugreinum. Þá hefur Guðbjörg jafnframt sinnt kennslu og haldið námskeið á sviði skattaréttar á ýmsum vettvangi.



Jóhannes Eiríksson er stofnandi og framkvæmdastjóri Lagavita, sem þróar samnefnda gervigreindarlausn fyrir lögfræðinga. Hann hefur sinnt margþættum lögfræði- og rekstrartengdum störfum í gegnum tíðina, s.s. sem framkvæmdastjóri Aurbjargar, yfirlögfræðingur Creditinfo Group og InfoCapital, og sem lögmaður á LEX og Mörkinni lögmennsstofu, auk þess sem hann stofnaði lagatæknifyrirtækið Fons Juris fyrir rúmum áratug. Jóhannes er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með Master of Corporate Law gráðu frá University of Cambridge.



Guðrún Björg Bragadóttir hefur starfað hjá KPMG frá árinu 2008. Áður var hún skattstjóri Vestfjarðarumdæmis í 6 ár og starfaði þar áður hjá dönskum skattyfirvöldum. Sérsvið Guðrúnar Bjargar er skattamál félaga og einstaklinga. Guðrún Björg er með cand. oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og Master in Tax gráðu frá Copenhagen Business School.